

um ítölu.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Sýslunefndum er heimilt að gera samþykktir um ítölu í heimalönd og afréttarlönd fyrir heilar sýslur, einstaka hreppa eða hreppshluta, ef kröfur berast um það eða þær telja þess þörf, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara og þess gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir.

2. gr.

Nú berst sveitarstjórn krafa frá a. m. k. $\frac{1}{4}$ búenda innan sveitarfélags eða afmarkaðs sveitarhluta um, að ítölumat verði framkvæmt á jörðum í sveitinni eða sveitarhlutanum eða á afréttarlöndum innan hreppsins, og skal þá boða til fundar ábúendur hreppsins eða hreppshlutans um málið. En búendur teljast allir þeir, er jörð hafa eða tiltekinn jarðarhluta til ábúðar eða fullra nytja. Skal þess getið í fundarboði, hvert mál verði þar til umræðu. Fundur telst lögmætur, ef meira en helmingur atkvæðisbærra búenda hreppsins eða hreppshlutans sækir fundinn. Enginn einn maður hefur þó fleiri en eitt atkvæði, þótt hann nytji eða búi á tveimur eða fleiri jörðum. Þess skal getið í fundargerð, hve margir búendur séu í sveitarfélaginu eða viðkomandi hreppshluta og hve margir hafi mætt á fundinum og tekið þátt í atkvæðagreiðslu um fundarefnið.

Verði samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum fundi að óska þess, að ítala verði gerð í heimalönd eða afrétt hreppsins, skal málið sent viðkomandi sýslunefnd til meðferðar. Nú er fellt við atkvæðagreiðslu að krefjast ítölu, og má þá taka málið upp aftur að þrem árum liðnum.

3. gr.

Ef verulegar samgöngur búpenings í heimalöndum tveggja eða fleiri samliggjandi hreppa eiga sér stað eða um er að ræða sameiginleg afréttarlönd tveggja eða fleiri hreppa, getur fundur, sem haldinn er samkvæmt ákvæðum 2. gr., gert kröfu um ítölu í lönd aðliggjandi sveitar eða sveita eða bæjarfélags. Slík krafa skal send viðkomandi sveitarstjórn, og er henni skylt að boða til fundar um málið innan fjögurra vikna frá þeim tíma, er krafan barst henni í hendur. Fer um lögmæti þess fundar svo sem fyrir er mælt í 2. gr. Fundarályktun skal, svo fljótt sem því verður við komið, senda til oddvita sýslunefndar og hreppsnefndar í þeim hreppi, sem átti upptök að kröfunni um ítölu.

Nú fellir sá hreppur eða hreppshluti, að ítala sé gerð, og getur þá sá, er kröfuna gerði, skotið málinu til Búnaðarfélags Íslands, sem fer þá með málið eftir því, sem segir í 10. gr. þessara laga.

4. gr.

Þegar oddvita sýslunefndar hefur borizt fundarályktun um, að ítala skuli gerð, og málið hefur hlotið afgreiðslu á fundum í þeim sveitarfélögum, þar sem það hefur verið tekið til meðferðar samkvæmt fyrirmælum 3. gr., skal hann boða sýslunefnd til fundar, svo fljótt sem ástæður leyfa, til þess að taka ákvörðun um málið. Í samþykkt sýslunefndar skal tekið fram, í hvaða lönd ítala skuli gerð, hvenær ítölunefnd skuli hafa lokið störfum og hvenær samþykktin skuli koma til framkvæmda.

5. gr.

Þegar sýslunefnd hefur gert samþykkt um ítölu, skal hún hlutast til um, að ítölunefnd verði skipuð. Ítala skal metin af þrem mönnum. Sýslumaður tilnefnir

einn mann, er stjórnar matinu og heldur gerðabók, stjórn Búnaðarfélags Íslands annan og búnaðarfélag viðkomandi hrepps hinn þriðja. En séu löndin, sem ítölu skal gera í, eign tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, skal stjórn viðkomandi búnaðarsambands tilnefna þriðja nefndarmanninn. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum.

6. gr.

Svo fljótt sem unnt er, eftir að skipun ítölunefndar hefur farið fram, skal formaður kalla nefndina saman til áreiðar á lönd þau, sem um er að ræða. Jafnframt skal hann tilkynna þeim aðilum, er þar hafa hagsmuna að gæta, nær áreiðin fari fram, svo að þeim gefist kostur á að mæta eða láta umboðsmenn mæta við áreiðina. Áreið er því aðeins lögmæt, að ítölunefnd fullskipuð taki þátt í gerðinni.

Að áreið lokinni skal nefndin, svo fljótt sem því verður við komið, kveða upp úrskurð sinn. Skal hún svo meta ítölu, að fullskipað sé í land, en eigi ofskipað, svo að fénaður megi vel þrífast og eigi sé hætta á, að land spillist sakir ofbeitar. Skal ákveðið, hve margt búfé megi hafa í högum hverrar jarðar, þegar um ítölu í heimalönd er að ræða, og hve mikinn búpening hvert sveitarfélag megi setja á afréttarland, þegar um það er að ræða. Búfé skal lagt í einingar, þannig að 9 kindur, veturgamlar og eldri, jafngildi einu hrossi eða geldneyti á sama aldri eða tveimur mjólkurkúm. Hverjum aðila er í sjálfvald sett, hvort hann fyllir ítölu sína með einni búfjárttegund eða fleirum til samans, þó er ítölunefnd heimilt að ákveða hlutfallstölu einstakra búfjárttegunda, ef landið er mjög einhæft.

Ítala í heimalönd skal miðast við stærð og nothæfi beitilands, þar með talið ræktað land, sem notað er til beitar að meira eða minna leyti.

Jörð, sem afgirt er fjárheldum girðingum, skal undanþegin ítölu í heimaland. Nú er hluti jarðarinnar utan girðingar, og skal þá sá jarðarhluti háður ítölu.

Til þess að ákvarðanir ítölunefndar séu gildar, þurfa allir nefndarmenn að vera mættir eða varamenn þeirra og greiða atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

7. gr.

Ef innan ítöluumdæmis er kaupstaður eða kauptún, sem hefur umráðarétt jarðnaðis, er grasnyt fylgir, hefur það sem heild beitarrétt í heimahögum og afrétt í hlutfalli við beitiland sitt, eftir sömu reglum og um getur í 6. og 8. gr. Um rétt einstaklinga innan viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns fer eins og um venjulegt sveitarfélag sé að ræða. Nú er kauptún í landi jarðar, sem er einkaeign, og skal þá við ítöluamat úthluta jörðinni í heild, þar með talið kauptúnið, það sem henni ber í hlutfalli við aðrar jarðir, en íbúar kauptúnsins semji hver fyrir sig við umráðamann jarðarinnar um beitarréttindi í heimalandi og afrétti.

8. gr.

Þegar ítölunefnd hefur lokið störfum, skal hún tilkynna viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum úrskurð sinn, en sveitarstjórn tilkynnir hreppsþúum og hefur eftirlit með því, að eigi sé fleira búfé sett í heimalönd eða afrétt en ítölunefnd hefur ákveðið. Nú er fleira búfé í hreppnum en heimilt er að reka til afréttar, og ákveður þá sveitarstjórn, hve mikinn búpening megi reka í afrétt frá hverju einstöku býli. Skipting milli jarða í sveitarfélagi eða upprekstrarfélagi miðast við hlutfall þess beitarpenings, sem leyfilegt er að hafa í heimalöndum, hafi slíkt mat farið fram, ella skal miðað við landverð jarðanna að frádregnum hlunnindum. Nota skal elzta fasteignamat, sem við verður komið, en jafnframt tekið tillit til þeirra breytinga, sem kunnugt er að orðið hafi á beitarþoli lands, eftir að fasteignamatið var gert. Vilji einhver ekki una úrskurði sveitarstjórnar, má skjóta málinu til ítölunefndar, og ræður afl atkvæða úrslitum.

Nú fyllir sveitarfélag ekki sína ítölu í afréttarland, og er því þá skylt að leyfa öðru sveitarfélagi, sem á upprekstur í sameiginlegt afréttarland, að fylla ítöluna,

enda komi gjald fyrir, sem ákveðið skal af ítölunefnd. Nú hefur ábúandi færri fénað í heimahögum en svarar ítölu hans, og má hann þá taka af öðrum fjáreigendum innan sama hrepps, en eigi öðrum nema með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar. Sama gildir um eyðijarðir, noti eigandi þær ekki fyrir eigin fénað. Hafi hreppsþúar ekki þörf nytja landsins, en sveitarstjórn synjar jarðeiganda að taka fénað utanhrepps, getur landeigandi krafizt beitarleigu eftir mati ítölunefndar.

9. gr.

Nú eru verulegar samgöngur búfjár í löndum tveggja eða fleiri samliggjandi lögsagnarumdæma, þannig að sýslunefnd, sem vill ákveða ítölu í lönd innan sýslunnar, telur nauðsynlegt, að jafnframt sé gerð ítala í lönd nágrannahéraðs eða bæjarfélags, og getur hún þá gert kröfu til Búnaðarfélags Íslands um, að málið verði tekið upp á þann hátt, er segir í 10. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands er þá skylt að taka málið til athugunar, og komist hún að þeirri niðurstöðu, að ítölu sé þörf, skal ítölumat fara fram. Til þess að meta ítölu í landssvæði, sem er innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma eða er eign fleiri en eins lögsagnarumdæmis, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands þrjá menn, og skulu þeir starfa samkvæmt ákvæðum laga þessara.

10. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa eftirlit og fylgjast vel með notkun afrétta og heimalanda. Komi í ljós rýrð í afréttarfénaði og séu líkur taldar fyrir því, að hún geti stafað af ofbeiti á afréttum og öðrum sumarhögum, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands láta rannsaka, hvort um ofbeiti sé að ræða, enda hafi viðkomandi sýslunefnd ekki tekið málið fyrir.

Rannsókn þessi skal framkvæmd af þriggja manna nefnd. Í nefndinni eiga sæti: sandgræðslustjóri, eða maður tilnefndur af honum, einn maður tilnefndur af viðkomandi búnaðarsambandi og einn maður tilnefndur af stjórn Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður nefndarinnar.

Þyki nefndinni auðsætt, að um ofbeiti sé að ræða, sem ekki er framkvæmanlegt að bæta úr með ræktun landsins, skal stjórn Búnaðarfélags Íslands hlutast til um viðkomandi sýslunefnd, að hún láti gera ítölu í landið.

Hafi viðkomandi aðilar vanrækt að taka málið fyrir eða liggja land það, sem um er að ræða, innan tveggja eða fleiri lögsagnarumdæma, getur stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveðið, að ítala verði gerð. Skipar hún þá þrjá menn í ítölunefnd, svo sem ákveðið er í 9. gr.

11. gr.

Ef ítala einhverrar jarðar verður svo lág, að Búnaðarfélag Íslands telji jörðina eigi geta borið lífvænlegt bú, þá getur eigandi krafizt þess, ef samningar nást eigi, að ríkið kaupi jörðina fyrir matsverð samkvæmt eignarnámslögunum.

12. gr.

Kostnaður við störf ítölunefndar greiðist samkvæmt reikningi af sveitarfélagi, sem hlut á að máli. Nú er ítala gerð í lönd tveggja eða fleiri hreppa eða bæjarfélags, og skiptist þá kostnaðurinn milli þeirra eftir meðaltalstölu fjallskilaskylds penings í hreppnum eða bæjarfélaginu síðastliðin fimm ár. Sá aðili, er átti upptök kröfunnar um ítölu, greiði kostnaðinn til formanns ítölunefndar, en kröfurétt á hann á endurgreiðslu frá öðrum á þeim hluta, er þeim ber að greiða. Verði ágreiningur um upphæð reiknings ítölunefndar eða skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga, sker Búnaðarfélag Íslands úr.

13. gr.

Vilji einhver, sem hlut á að máli, ekki una úrskurði ítölunefndar, getur hann krafizt þess innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu ítöluúrskurðar, að yfirítölu-

mat skuli fara fram. Krafan sendist landbúnaðarráðherra, sem skipar þrjá menn til yfiritölumats, og sé einn þeirra formaður. Fer um framkvæmd yfirmats eftir fyrirmælum laga þessara.

Kostnaður við yfirmat greiðist samkvæmt því, sem ákvæðið er í 12. gr., ef matið breytist um 10 af hundraði eða meira. Að öðrum kosti greiðist hann af þeim, er krafðist yfirmats.

14. gr.

Ef beitarþol lands breytist eða fimm ár eru liðin frá því að samþykktir um ítölu öðluðust gildi, er skylt að taka ítölumatið til endurskoðunar, ef þess er krafizt af a. m. k. $\frac{1}{4}$ ábúenda í sveitarfélagi, sem hlut á að máli, eða af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal þá ítölunefnd skipuð á ný eftir fyrirmælum laga þessara.

15. gr.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en 1963.

16. gr.

Ráðherra setur nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða og samþykktu, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá kr. 500—50000, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 85 frá 16. des. 1943, um ítölu, lög nr. 43 frá 23. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, er kunna að brjóta í bága við lög þessi, sbr. þó niðurlag 1. gr. þessara laga.

Nú eru gerðar samþykktir um ítölu samkv. lögum þessum, og falla þá úr gildi eldri ákvæði, sem sett hafa verið með samningum eða á annan hátt, um ítölu í lönd einstakra manna eða viðkomandi sveitarfélaga.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.